

Starfsreglur tilnefningarnefndar Eikar fasteignafélags hf.

1. Markmið og tilgangur

- 1.1. Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði [18. og 19. gr. samþykktar Eikar fasteignafélags hf. \(„félagið“\)](#). Samkvæmt framangreindum ákvæðum skal starfa tilnefningarnefnd innan félagsins, sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi við [val á stjórnarmönnum og leggja tillögur sínar um kosningu stjórnarmanna í félaginu fyrir hluthafafund þar sem fram fer stjórnarkjör kosningu stjórnarmanna](#).
- 1.2. Markmið nefndarinnar er að skapa hluthöfum forsendur fyrir upplýstri ákvörðunartöku við kjör stjórnar félagsins.
- 1.3. Tillögur nefndarinnar skulu miða að því, að stjórnin sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi yfir fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar í á hverjum tíma.

2. Nefndarskipan

- 2.1. [Nefndin skal skipuð þremur einstaklingum kjörum á aðalfundi til eins árs í senn. Nefndarmenn skulu ekki eiga sæti í stjórn félagsins. Í nefndinni skulu sitja þrír einstaklingar. Hluthafafundur skal kjósa tvo nefndarmenn sem boðið hafa sig fram eða tilnefndir hafa verið til framboðs af hluthöfum. Þegar hluthafafundur hefur kosið nefndarmenn skal stjórn tilnefna einn einstakling í nefndina. Hafi hluthafafundur kosið tvo nefndarmenn af sama kyni skal stjórn tilnefna einstakling af gagnstæðu kyni. Stjórnarmaður skal ekki eiga sæti í nefndinni.](#)
- 2.2. [Stjórn skal eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund leggja fram tillögu um skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Gæta skal að kynjahlutföllum að teknu tilliti til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Hluthafar skulu jafnframt hafa tillögurétt að skipan nefndarmanna og skulu slíkar tillögur sendar skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti 10 sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Séu tilnefndir fleiri en 3 einstaklingar til setu í tilnefningarnefnd skal fara fram kosning á aðalfundi og upplýsingar um framboð skulu birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en 7 sólarhringum fyrir fund. Fyrirkomulag samþykktar um kosningu stjórnarmanna og um framkvæmd kosningar skal gilda um kosningu nefndarmanna með því frávik þó að nefndarmenn verða ekki kjörnir með margfeldiskosningu. Sú kona og sá karl sem flest atkvæði hljóta í nefndarkjöri og sá annarra frambjóðenda sem hlýtur flest atkvæði skulu teljast réttkjörin í nefndina.](#)
- ~~2.2. Stjórn skal, með almennri auglýsingu, óska eftir framboðum og tilnefningum til framboðs frá hluthöfum til tveggja nefndarsæta í tilnefningarnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir þann hluthafafund þar sem kjör tilnefningarnefndar er á dagskrá. Framboð skulu berast eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir fund, en upplýsingar um framboð skulu birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en 2 sólarhringum fyrir hluthafafund. Fyrirkomulag samþykktar um kosningu stjórnarmanna og um framkvæmd kosningar skal gilda um kosningu þeirra nefndarmanna sem kjörnir skulu af hluthafafundi með því frávik þó að nefndarmenn verða ekki kjörnir með margfeldiskosningu.~~
- 2.3. [Nefndarmennirnir skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í það minnsta einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Þá skal sá nefndarmaður sem tilnefndur er af stjórn vera óháður stórum hluthöfum félagsins.](#) Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið, sbr. leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

2.4. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk nefndarinnar, m.a. á góðum stjórnarháttum og viðmiðum og venjum varðandi stjórnir fyrirtækja.

2.5. Starfskjör nefndarinnar skulu ákveðin á hluthafafundi félagsins og taka mið af starfskjörum undirnefnda stjórnar.

~~2.5-2.6. Komi til þess að nefndarmaður víki úr nefndinni og telji annar nefndarmaður þá nauðsynlegt að tilnefna nýjan aðila í hans stað, skal tilkynna stjórn félagsins svo um sem boðar til hluthafafundar með tillögu um skipan tilnefningarnefndar með hliðsjón af grein 2.2. Komi til þess að nefndarmaður víki úr nefndinni og telji annar nefndarmaður þá nauðsynlegt að tilnefna nýjan aðila í hans stað, skal tilkynna stjórn félagsins svo um sem boðar til hluthafafundar með tillögu um skipan tilnefningarnefndar með hliðsjón af grein 2.2.~~

3. Hlutverk og ábyrgðarsvið

~~3.1. Nefndin skal leggja fyrir fram rökstuddar tillögurtt álit sínar sitt um kosningu stjórnarmanna í félaginu samhlíða að boðað er til hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Skat álitulu tillögur nefndarinnar lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og/eða birtar hluthöfum með rafrænum hætti. Liggja frammi hluthöfum til sýnis með sama hætti og aðrar tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum.~~ Í störfum sínum skal nefndin hafa heildarhagsmuni allra hluthafa félagsins að leiðarljósi.

~~3.2-3.1.~~

~~3.3-3.2.~~ Hlutverk nefndarinnar er m.a. eftirfarandi:

- ~~Setja sér starfsáætlun til að stuðla að skilvirkni í störfum sínum, og skal við það miðað að starf nefndarinnar fari fram á síðustu þremur mánuðum fyrir auglýsingu hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.~~
- Yfirfara árlega starfsreglur nefndarinnar og leggja fram tillögur fyrir aðalfund um breytingu á þeim eftir því sem þörf krefur.
- Skilgreina lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn félagsins og endurskoða þá skilgreiningu eftir því sem þörf krefur.
- Meta stærð, samsetningu og árangur stjórnar með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Nefndin skal eiga fundi með öllum stjórnarmönnum félagsins, hverjum fyrir sig, auk forstjóra þess í því skyni að afla upplýsinga um félagið, starf stjórnarinnar síðastliðið starfsár og samsetningu hennar.
- Kalla eftir tillögum hluthafa að frambjóðendum til stjórnarkjörs sem og framboðum annarra. Nefndin skal eigi síðar en 8 - 10 vikum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá auglýsa eftir tilnefningum og framboðum til stjórnar félagsins.
- Leggja fram rökstudda tillögu um kosningu stjórnarmanna í félaginu, þar sem m.a. verði horft til hæfni, reynslu og þekkingar, m.a. með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Þess skal gætt að tillagan samræmist ákvæðum laga um hlutafélög og samþykktu félagsins um skipan stjórnar.

3.4.3.3. Nefndin skal gera skriflega grein fyrir því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar. Tillögur tilnefningarnefndar skulu kynntar í fundarboði hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá og vera aðgengilegar hluthöfum á heimasíðu félagsins eins fljótt og kostur er, en a.m.k. þremur vikum fyrir fundinn. Á hluthafafundi félagsins þar sem stjórnarkjör er á dagskrá skal tilnefningarnefnd kynna skýrslu sína.

3.5.3.4. Á heimasíðu félagsins skal birta upplýsingar um hlutverk og skipan nefndarinnar ásamt upplýsingum um hvernig koma megi athugasemdum, tillögum, og framboðum á framfæri við nefndina. Nefndin ábyrgist ekki að mat verði lagt á tillögur eða framboð sem berast eftir auglýst tímamörk. Á heimasíðu félagsins ~~þar~~ skal einnig bent á hvernig standa eigi að framboði til stjórnar að tillögum nefndarinnar birtum.

4. Heimildir og aðgengi að gögnum

- 4.1. Tilnefningarnefnd hefur heimild til að leita til stjórnar og undirnefnda stjórnar til að afla viðeigandi upplýsinga til að sinna hlutverki sínu.
- 4.2. Þá hefur nefndin heimild til að hafa beint samband við hluthafa félagsins í tengslum við framkvæmd starfa sinna. Hún skal með opinberri auglýsingu ~~á heimasíðu félagsins~~ gefa hluthöfum kost á að koma tillögum á framfæri við nefndina. Ávallt skal gætt að jafnræði hluthafa.
- 4.3. Óski tilnefningarnefnd eftir gögnum eða upplýsingum frá félaginu eða aðgangi að starfsmönnum félagsins skal hún koma beiðni um slíkt á framfæri við forstjóra félagsins.
- 4.4. Tilnefningarnefnd skal við upphaf starfa sinna útbúa kostnaðaráætlun vegna starfsins og bera undir stjórn félagsins. Telji nefndin sérstakt tilefni til að afla sér frekari ráðgjafar um tiltekin álitaefni er henni heimilt að efna til útgjalda er því tengjast, þó svo að þau komi ekki fram á kostnaðaráætlun, en áður skal hún afla samþykkis stjórnar fyrir því.

5. Fundir

5.1. Nefndin skal halda fundi eftir þörfum til að sinna hlutverki sínu og sér formaður nefndar um að boða til funda. Leitast skal við að skipuleggja fundi nefndarinnar í starfsáætlun hennar. Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar og tilnefnir fundarritara. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af nefndarmönnum. Fundargerðir og framlögð gögn á nefndarfundum skulu varðveitt tryggilega og vera aðgengileg nefndarmönnum.

5.1.5.2. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið löglega boðaður með minnst 3 daga fyrirvara. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma á borð nefndarinnar.

6. Þagnar- og trúnaðarskylda

Á tilnefningarnefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni ~~félagsins~~ fyrirtækisins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.

7. Gildistaka og birting

- 7.1. Starfsreglur þessar taka gildi þegar í stað eftir að hluthafafundur hefur samþykkt þær. Reglunum verður ekki breytt nema með samþykki hluthafafundar.

7.2. Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

8. Ákvæði til bráðabirgða



[Ákvæði greinar 2.2. tekur gildi í tengslum við skipan tilnefningarnefndar á aðalfundi 2026. Þannig skal skipan nefndarinnar á aðalfundi 2025 vera í samræmi við áðurgildandi ákvæði greinar 2.1. og 2.2.](#)

Samþykkt á aðalfundi Eikar fasteignafélags hf. 10. apríl 2025.~~19.~~